

## Grænni byggð – Green Building Council Iceland

### Stjórnarfundur 5

**Staðsetning fundar:** Skipulagsstofnun, Borgartún 7B

**Dagsetning:** Fimmtudagur, 6. September 2018, 12:00 – 13:20 (Í kjölfar vinnustofu í Rúgbrauðsgerðinni)

**Mættir eru:** Þórhildur, Ragnar, Olga, Bjarni, Gyða Mjöll og Ólafur

**Fundarritari:** Olga Árnadóttir

Stjórnarmeðlimir:

Bjarni Þór Þórólfsson (BÞÞ) – Búseti – bjarni@buseti.is

Gyða Mjöll Ingólfssdóttir (GMI) – Efla verkfræðistofa - gyda.mjoll.ingolfsdottir@efla.is

Kristjana Ósk Jónsdóttir (KÓJ) – Reitir Fasteignafélag – kristjana@reitir.is

Kristján Arinbjarnar (KA) – Íslenskir aðalverktakar - ka@iav.is

Olga Árnadóttir (OÁ) – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is

Ólafur Haralds Wallewik (ÓHW) – Rannsóknarstofa byggingariðnaðarins – olafurw@ru.is/  
olafur.w@nmi.is

Ragnar Ómarsson – Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is

Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir (ÞFK) – Framkvæmdastjóri Vistbyggðarráðs – vbr@vbr.is

### Dagskrá fundar:

1. Lógó og kick-off
2. Fréttir frá Osló
3. European Network Meeting
4. BIM á Íslandi
5. Merki Grænni byggðar
6. ÁB – Ábyrgur byggingariðnaður
7. Ráðstefna um úrgangsmál
8. Grænland og Svíar
9. Vinnustofan „Hvað er umhverfisvæn bygging í íslensku samhengi
10. Annað

## 1. Lógó og markaðssetning:

Bjarni og Olga hafa átt tvo góða fundi með Önnu þar sem hugmyndavinnan fyrir lógó og markaðsefni Grænni byggðar hefur verið rædd og þróuð. Hún er líka búin að breyta heimasíðunni. Flott vinna hjá Önnu.

Nýju lógó tillögurnar hennar voru lagðar fyrir stjórnina.

Það var almenn sátt meðal stjórnarmanna um eina tillögu. Látlaus og stílhrein útfærsla á texta og litlu myndmerki í formi græns húss. Teljum þetta myndmál skila því sem til þarf og vera í takt við „branding“ hjá öðrum álíka félögum á Norðurlöndum. Bjarni og Olga hitta Önnu 1x enn til að lenda þessu endanlega.

Kick – off - Stefnum að því 27. september. Þessi mál eru langt komin.

Það sem þarf að vera komið fyrir kick-off:

- Lógó komið
- Falleg og fræðandi
- Klára PDF kynningu um Grænni Byggð
- Uppfæra “aðila plaggöt”
- Prenta pésann – hanna hann (ræða það við Önnu)
- Fréttatilkynning um breytingarnar
- Uppfæra ppt format okkar
- Skemmtidagskrá?

## 2. Fréttir frá Osló

- Þórhildur segir frá heimsókn sinni til Osló.
- Norska Grenn Building Council útfæra nafnið sitt eins og við erum að hugsa um að gera – norskt og enskt nafn.
- Hafa látið þróa Vegvísi fyrir byggingariðnaðinn í Noregi fram í tíma – Norsk Ejendom í samstarfi við Norwegian Green Building Council stóðu fyrir gerð þessarar skýrslu.
- Housing Nordic – Bjarni nefnir það félag sem dæmi. Sameiginlegir hagsmundir þeirra sem byggja og reka fasteignir. [www.nbo.nu](http://www.nbo.nu). Ágætis viðmiðunardæmi – t.d. í markaðssetningu.
- Þórhildur segir okkur frá öðrum aðilum sem hún hitti á ráðstefnunni. Fólk frá öðrum Green Building Councils á Norðurlöndum. Noregur, Danmörk, Finnland.
- Sameinuðu þjóða málin og heimsmarkmiðin. Clima neutral Norge og fleiri verkefni sem voru kynnt.
- Rætt um kosti og galla WGBC – Noregur og Finnland voru mjög jákvæðir í garð WGBC. Fólk til í að miðla þekkingu og reynslu. Samstarfsverkefni.
- Danska Green Building Council stendur sig mjög vel – með DGNB. Halda mikið af námskeiðum og viðburðum, ráðstefnur að vori og hausti. Eru að vinna að verkefninu **Goal 17 – markmið sameinuðu þjóðanna** – með atvinnulífinu í Danmörku. Fjárhagslega sterkir.

- Levels – kerfi European Commission: Sameiginleg viðmið um umhverfisvænar byggingar á EC svæði. Mjög erfitt að samræma viðmið fyrir öll Evrópulönd, fólk var almennt frekar neikvætt út í þetta á þessari ráðstefnu.
- Skrifstofa Norwegian Green Building Council – voru að taka húsið í gegn. Allt innviði endurunnið.
- Sameiginlegur gagnagrunnur? Heimasíða? Streamaðir fundir?
- COP24 – WGBC – spurning hvort að Norrænu Building Council ættu að vera tengd því?
- DGNB kröfur komnar á ensku – jákvætt fyrir Íslendinga. DGNB mjög ítarlegt kerfi. Vigt þessa kerfis á markaði er að aukast.
- Finnarnir nota öll kerfi.
- Norsk skýrsla sem ber saman Svaninn og BREEAM væntanleg – við þurfum að fylgjast með þeim niðurstöðum. Svipað verkefni og við vorum með í morgun, vinnustofan.
- **Fræðslustofnanir fá fría aðild eða verulegan afslátt af GBC í einhverjum tilvikum erlendis – stofnanir sem eru í fræðslustarfi.** Væri gott að ná betri tengingu við fræðslustofnanir hérlandis, Iðnskólinn, Iðan (voru aðilar en eru hættir, fylgjast með okkur). Ætti að vera styrkur fyrir okkur.
- 6 ára hámarks stjórnarseta fyrir stjórnarmeðlimi í Noregi – ættum að athuga þetta hér. Ekki gott að sama fólk sé sitji of lengi. Endurskoða þetta atriði í lögum Gænni Byggðar? Endurnýjun alltaf af hinu góða.
- Heilt yfir mjög áhugaverður fundur sem Þórhildur var á í Noregi – margt nýtt og margt sem hún kannaðist við sem kom þar fram.

### 3. European Network Meeting

Fundur sem Gyða Mjöll fer á í næstu viku.

Ætlar að reyna að hlera þar um fjármál og fleira hjá öðrum félögum. Það væri gott ef við gætum speglað okkur við viðskiptaáætlanir og fjármögnununarleiðir hjá öðrum álíka félögum. Gyða Mjöll heldur kynningu á þessu fyrir okkur á næsta stjórnarfundi. Mögulegar fjáröflunarleiðir.

- Verðmætin
- Gegnsæi
- Góð framsetning

(Hvað færðu fyrir að vera aðili að Grænni byggð? Ávinningurinn er? Viljum ekki hafa þetta þannig fyrirkomulag að þú borgir bara aðilagjöld ár eftir ár og fáir ekkert fyrir þinn snúð. Hver er gulróttin?)

Það þarf að ræða og útfæra þessa breytingu á rekstri félagsins vel.

#### **4. BIM Ísland**

Fyrirspurn frá BIM til Grænni byggðar:

Hvernig tala BIM og Grænni byggð saman?

Töluvert af sömu aðilum/fyrirtækjum sem standa að baki þessara félaga.

Það var skrifað undir samstarf milli Vistbyggðarráðs og BIM áður fyrr en það datt upp fyrir vegna þess að BIM var lagt niður.

Hvað segir stjórn Grænni byggðar um samvinnu þessara félaga?

Félögin eru lítil á Íslandi. Jafnvel hægt að hafa samvinnu um skrifstofu. Markmiðin eru ekki þau sömu. En það væri hægt að hafa ráðstefnu saman t.d. Þjóða þeim að taka þátt í viðburðum með okkur.

Niðurstaða: Þjóða þeim til samstarfs í ákveðnum málum/viðburðum.

#### **5. Merki Grænni byggðar**

Þessi mál eru í gerjun – aðeins stærra en við getum rætt núna. Höfum þetta bakvið eyrun.

Við þyrftum að ýta við þessari vinnu og fá einhverja hvatningu í þetta – finna til viðmið.

Val á aðilum sem ættu að fá viðurkenningu fyrir vel unnin störf á sviði umhverfismála í byggingariðnaði? Einhver utanaðkomandi panel/afstaða.

Þetta verður að vera einfalt.

Skoða þetta með verðlaun og fyrirmyndir að utan.

Ragnar setur upp einfalt blað – matsblað. Staðfesting Grænni Byggðar. Fengir viðmið afhent fyrir greiðslu – síðan afhendir þú niðurstöðuna til okkar. Og við staðfestum að þetta sé rétt gert og viðkomandi fær „stimpil“ frá Grænni Byggð.

Þetta þarf ekki að vera langtímaplan. Spark í rassinn fyrir markaðinn.

#### **6. ÁB – Ábyrgur byggingariðnaður**

- Fundur með Skúla Valberg
- Stjórn Þarfapings – til í þetta, vakning í gangi.
- Þórhildur vinnur áfram að þessu með Skúla og Katli. Gengur vel.

## 7. Ráðstefna um úrgangsmál

Haustráðstefna Fenúr og Grænni byggðar í október

Mannvirkjastofnun – Eru farnir að vinna í leiðbeiningum um úrgangsmál eftir fund með Þórhildi. Þarf stundum bara að ýta við hlutunum.

Mikil hreyfing í þessum málum.

## 8. Grænland og Svíar

Sjálfbærni á Grænlandi – grein í blöðin (fyrirlestur Ragnar á morgunspjallinu)

Mikilvægt að efni fari til fjölmiðla sem fyrst.

Faglegur þungi Gænni Byggðar þarf að vera skýr og meiri í umræðunni.

Greinar frá okkur með Gyðu og Ragnari um fyrirlestrana frá morgunspjallinu um sjálfbærni í grænenskum byggingariðnaði og vistferilsgreiningar á Íslandi. Markmiðið að þessar greinar komi út í haust.

Hvaða miðlar? Vísir /Fréttablaðið?

## 9. Vinnustofan – Hvað er umhverfisvæn bygging í íslensku samhengi?

Mjög vel heppnað – mikil ánægja meðal stjórnarmeðlima með þennan viðburð. Mæting framar væntingum. Mikill áhugi og þörf á þverfræðilegu samtali á milli aðila sem eru að vinna að umhverfismálum á mismunandi vettvangi. Finnum mikinn meðbyr.

## 10. Annað

Hugmynd frá Bjarna:

Gæti verið sterkt að nota staðlaða setningu með orðinu Grænni Byggð, sem skýrir út hvað félagið gerir?

T.d.

### Grænni byggð - “Samstarfsvettvangur um grænni byggð”

“Miðstöð um ábyrga byggingarhætti”?

Ólafur hafði nefnt áður á fundinum að Grænni byggð væri mög opið, fólk getur túlkað þetta á marga vegu. Væri í raun skýrara að nota Iceland Green Building Council.

Látum þetta gerjast.

Myndi hjálpa til við að kynna félagið.

---

**Næsti stjórnarfundur:**

20. september 2018. Kl. 15:00 – Skipulagsstofnun

Fundi slitið: 13:20